

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá
fyrir Fornleifastofnun Íslands, nr. 396/1995.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

7. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Forstöðumaður stofnunarinnar ber ábyrgð á fjárvörslu fyrir hönd stjórnar.

Heimilt er að greiða stjórnarmönnum laun, ráða framkvæmdastjóra, ritstjóra og annað starfsfólk vegna rannsókna, útgáfustarfsemi eða annarra framkvæmda á vegum stofnunarinnar.

Heimilt er að þiggja styrki, gjafir eða aðrar greiðslur vegna kostnaðar við rannsóknir, útgáfu, rekstur og aðra starfsemi á vegum stofnunarinnar. Skulu fjárreiður vegna slíkra verkefna vera á höndum stofnunarinnar og hlíta reglum sem hér eru settar um endurskoðun reikninga, sbr. 8. gr.

Hagnaði sem verður af starfsemi stofnunarinnar skal varið til þeirra verkefna er greinir í 5. gr. skipulagsskrárinnar. Þó er stjórn hennar heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur stofnunarinnar.

Hugsanlegt tap af starfsemi stofnunarinnar verður greitt úr sjóðum stofnunarinnar eða fært á næsta reikningsár.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Fornleifastofnun Íslands staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 30. september 2021,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.